

Skil á afdreginni staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur

Skylda til að draga staðgreiðslu af vaxtatekjum, afföllum og arði og skila í ríkissjóð hvílir á innlendum innlánsstofnunum, verðbréfafyrirtækjum, verðbréfamiðlurum, eignarleigufyrirtækjum og öðrum fjármálastofnunum, lögmönnum, löggiltum endurskoðendum og öðrum fjárvörsluaðilum, tryggingafélögum svo og sérhverjum öðrum aðilum sem hafa atvinnu af fjárvörslu, milligöngu eða innheimtu í verðbréfavíðskiptum eða annast innheimtu fyrir aðra. Skilaskyldur aðili samkvæmt ofangreindu skal ótilkvaddur greiða afdreginn skatt af fjármagnstekjum á gjalddaga. Gjalddagi afdreginnar staðgreiðslu skatts af fjármagnstekjum ársins 2002 er 15. janúar 2003. Eindagi er 30. janúar. Unnt er að skila staðgreiðslu þessari með því að fylla út og greiða meðfylgjandi giróseðil. Greiða má í bönkum, sparissjóðum og pósthúsum. Einnig er unnt að fá greiðsluseðil og greiða afdreginn skatt hjá innheimtumanninum ríkissjóðs.

Leiðbeiningar um útfyllingu giróseðilsins

Á giróseðilinn er búið að árita upplýsingar um greiðanda og greiðslutímabil. Þessar upplýsingar eru síðan lesnar vélrænt þegar skil eru gerð. Ekki er hægt að nota seðilinn fyrir annað en skil á staðgreiðslu af fjármagnstekjum fyrir það greiðslutímabil sem á hann hefur verið ritað.

Greiðslu samkvæmt giróseðli þessum er unnt að inna af hendi í öllum bönkum, sparissjóðum og pósthúsum eða hjá innheimtumanni ríkissjóðs.

Nánar um útfyllingu giróseðilsins

- Fjárhæð staðgreiðslu er færð í tvennu lagi; annars vegar staðgreiðsla af arði og hins vegar staðgreiðsla af vöxtum. Samtölureittinn í efstu línunni skal alltaf fylla út, þó svo aðeins þurfi að fylla út annan hinna.
- Hafi engin staðgreiðsla verið innheimt af vaxtatekjum eða arði á árinu, skal gera grein fyrir því með því að setja X í til þess gerða reiti á skilagreininni. Í þeim tilfellum má skila giróseðlinum til skattstjóra.
- Munið að undirrita og dagsetja skilagreininna áður en henni er skilað.

RSK		Skattur af vöxtum og arði		GIRÓ-SEÐILL	
		Skilagrein vegna staðgreiðslu		S 6	
Kennitala		Greiðslutímabil		KR	
010203-4569		2002		5.417	
Staðgreiðsla samtals				5.417	
Staðgreiðsla af vöxtum				0	
Staðgreiðsla af arði					
Nafn - heimili - pósthóð				<input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar vaxtagreiðslur á árinu <input type="checkbox"/> Engar staðgreiðsluskyldar arðgreiðslur á árinu	
Ólafur Dýrason Fiskakvísl 17 110 Reykjavík				Möttökudagur - kvittun	
Undirritaður staðfestir að skýrsla þessi er gefin eftir bestu vitund og að hún er í fullu samræmi við fyrirliggjandi gögn.				Skuldfærslubeiðni er á 1. samriti	
15/1/2003		Ólafur Dýrason		2. samrit eintak greiðanda	
Dagsetning		Undirskrift			
RSK 5.20		Tilvísunarnúmer		Seðilnúmer	
		FI		Stofnun-Hb	
		Reikn.nr.		Upphæð kr.	

Álag vegna vanskila

Ef ekki er greitt í síðasta lagi á eindaga reiknast álag vegna vanskila samkvæmt ákvæðum 17. gr. laga um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Það er 1% á dag fyrir hvern dag eftir eindaga, þó ekki hærra en

10% og til viðbótar álag sem er hið sama og dráttarvextir samkvæmt vaxtalögum fyrir hvern byrjaðan mánuð eftir eindaga.

Upplýsingar um áfallið álag liggja fyrir hjá innheimtumanninum þegar skilagreinin hefur verið skráð hjá skattstjóra.